



691. fundur bæjarráðs Hveragerðis
haldinn í fundarsal Breiðumörk 20, fimmtudaginn 1. febrúar 2018 kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Unnur Þormóðsdóttir formaður, Eyþór H. Ólafsson, Njörður Sigurðsson og Helga Kristjánsdóttir skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri.

Unnur Þormóðsdóttir, formaður, setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 25.janúar 2017. - 1801019

Í bréfinu óskar ráðuneytið eftir upplýsingum frá sveitarfélaginu vegna samninga um samstarf sveitarfélaga sem í gildi eru.

Bæjarstjóra falið að svara erindinu.

Fylgigögn:

[Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 25.janúar 2017. - 1801019](#)

2. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 16.janúar 2018. - 1801018

Í bréfinu er rætt um skýrslu sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins á haustfundi 2017. Í skýrslunni er meðal annars rætt um opinber útgjöld og sveitarfélög hvött til að vera á varðbergi gagnvart möguleikum á spillingu í tengslum við þau.

Lagt fram til kynningar.

Fylgigögn:

[Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 16.janúar 2018. - 1801018](#)

3. Bréf frá Úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála frá 29.janúar 2018. - 1801023

Með bréfinu fylgdi kæra frá Lars David Nielsen vegna deiliskipulagsáætlunar á svokölluðum Eden-reit. Hann krefst þess að deiliskipulagið verði fellt úr gildi og framkvæmdir stöðvaðar á meðan málið sé til meðferðar hjá úrskurðarnefnd.

Úrskurðarnefndin óskar eftir að fá gögn er málið varðar frá Hveragerðisbæ fyrir 5. febrúar nk.

Bæjarstjóra og lögmanni sveitarfélagsins falið að svara erindinu.

Fylgigögn:

[Bréf frá Úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála frá 29.janúar 2018. – 1801023](#)

[Bréf v/ Úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála frá 29.janúar 2018. – 1801023](#)

[Bréf v/ Úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála frá 29.janúar 2018. – 1801023](#)



4. Bréf frá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvísi. - 1801020

Í bréfinu er kynning á verkefni "ART er SMART í Árneshvísi" en það fellst m.a. í að efla og kynna ARTið í grunnskólum í Árneshvísi og að auðvelda kennurum og starfsfólki skóla að nota ART með nemendum.

Lagt fram til kynningar.

Fylgigögn:

[Bréf frá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvísi. - 1801020](#)

5. Minnisblað frá Umhverfissfulltrúa vegna innköllunar bifreiðar áhaldahúss og ósk um nýjan bíl. - 1801021

Lagt fram minnisblað frá Umhverfissfulltrúa frá 25. janúar vegna innköllunar á Nissan Navara bifreið áhaldahússins. Jafnframt lagt fram tilboð frá BL ehf um nýja Nissan Navara bifreið.

Bæjarráð samþykkir tilboðið upp á netto kr. 3.574.500.-. Fjármögnun kaupanna fari af handbæru fé.

Fylgigögn:

[Minnisblað frá Umhverfissfulltrúa vegna innköllunar bifreiðar áhaldahúss og ósk um nýjan bíl. - 1801021](#)

[Minnisblað frá Umhverfissfulltrúa vegna innköllunar bifreiðar áhaldahúss og ósk um nýjan bíl. - 1801021](#)

6. Opnun tilboða - Fráveita Hveramörk og Bláskógar - Frumskógar 2018. - 1801022

Miðvikudaginn 17. janúar voru opnuð tilboð í verkið "Fráveita Breiðamörk og Brattahlíð 2017". Alls bárust 2 tilboð í verkið.

Aðalleið ehf 11.233.300.-

Arnon ehf 12.996.400.-

Kostnaðaráætlun 10.844.100.-

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðenda Aðalleið ehf.

Fylgigögn:

[Opnun tilboða - Fráveita Hveramörk og Bláskógar - Frumskógar 2018. - 1801022](#)

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:20



Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)